



Ársskýrsla 2016



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Starfsemin á árinu.....	2
Hitaveita	3
Vatnsveita	4
Fráveita.....	5
Rannsóknir og þróun.....	5
Samtök – dóttur og hlutdeildarfélag	6
Mannauðsmál.....	6
Styrkveitingar.....	6



Starfsemin á árinu

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur ohf. (OH) hækkaði alla gjaldskrárliði um 2% þann 01.06.2016 til að mæta verðlagsbreytingum frá síðustu ákvörðun.

Aðalfundur Orkuveitu Húsavíkur ohf. vegna starfsársins 2015, var haldinn í stjórnarsýsluhúsi Norðurljósa á Húsavík hinn 26. Apríl 2016. Erna Björnsdóttir fór með umboð sveitarfélagsins Norðurljósa, eiganda OH.

Stjórnarformaður flutti ávarp og kom fram í máli hans að af rekstrarniðurstöðu ársins leiðir að félagið er vel í stakk búið til að takast á við verkefni framtíðarinnar, viðskiptavinum sínum og samfélaginu til hagsbóta.

Þá þökkðu framkvæmdastjóri og stjórnarformaður samstarfsfólki, viðskiptavinum og íbúum og verktökum fyrir samstarfið á árinu.

Á aðalfundi var stjórn félagsins kjörin og er hún þannig skipuð, Erna Björnsdóttir, Óli Halldórsson og Jónas Einarsson.



Erna Björnsdóttir



Óli Halldórsson



Jónas Einarsson

Varamenn í stjórn Orkuveitunnar voru kjörnir þeir, Sigurgeir Höskuldsson, Guðmundur Halldórsson og Soffía Helgadóttir.



Kjarnastarfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf.

Hitaveita


Lokið var við lagningu hitaveitu til Saltvíkur og tengdi hún bæði íbúðarhús þar, hesthús og reiðhöllina við hitaveitu bæjarins.

Viðhaldsframkvæmdir fóru fram á stofnlögn frá Hveravöllum til Húsavíkur, en þær snerust að mestu um viðgerðir á samsetningum lagnarinnar og einangrun utan um þær.

Endurnýjuð var um 600 metra heimtaug að Hrauni í Aðaldal.

Enn eru uppi áform um lagningu hitaveitu í Kelduhverfi, en beðið er eftir því að niðurstaða fáið í ágreining um eignarhald á því landi sem holan BA-04 er á og til stendur að nýta fyrir hitaveituna.

Heitavatnssala árið 2016 var 181,1 m.kr. og tekjur af föstum gjöldum voru 19 m.kr. Sölutölur ársins 2015 voru til samanburðar 166,8 m.kr. og 18,6 m.kr. Á árinu voru seldir 1.945.466 m³ af heitu vatni en árið á undan voru seldir 1.939.625 m³.



Vatnsveita

Framkvæmdum við slökkviveitu að iðnaðarlóð á Bakka lauk á árinu, en þó með þeim fyrirvara að mögulega þarf að virkja fleiri lindir fyrir veituna ef vatnsmagn verður ekki nægjanlegt til þess að uppfylla kröfur þar að lútandi.


Rennslismælingar því til staðfestingar hafa staðið yfir í allan vetur og verður þeim framhaldið þar til staðfest hefur verið hver sveiflan er m.t.t. árferðis og árstíma.

Endurnýjuð var dæla í dæluhúsi við Katastaði, en þar er vatnsból neysluvatns fyrir Kópasker.

Hugsanlegt er að Orkuveita Húsavíkur taki yfir vatnsveituna á Þverá í Reykjahverfi, en sú hugmynd hefur verið í umræðunni um nokkura ára skeið. Verið er að gera arðsemisútreikninga á því með tilliti til þeirra framkvæmda sem fara þarf í til þess að veitan geti þjónað þeim fjölda notenda sem þegar eru komnir inn á veitukerfið.

Af fasteignum í Norðurþingi er greitt vatnsgjald sem innheimt er með fasteignagjöldum. Fyrirtæki á svæðinu greiða auk þess fyrir mælda notkun. Árið 2016 voru seldir 829.538 m³ samanborið við 660.455 m³ árið 2015. Heildartekjur vatnsveitu (vatnsgjald seldir m³, tengigjöld og föst gjöld) voru 79 m.kr. árið 2015 en voru 71 m.kr. árið á undan.





Fráveita

Fráveitumál á Bakka eru komin í það horf sem stefnt var að við fyrsta hluta framkvæmda þar. Fráveituframkvæmdum á suðurfyllingu er nánast lokið, en eftir stendur að tengja þær byggingar sem þar eru að rísa inn á kerfið. Fráveituframkvæmdum í Víðimóum er einnig lokið.

Gjöld vegna fráveitu eru innheimt með fasteignagjöldum. Tekjur ársins 2016 voru 66,5 m.kr. en voru 64,8 m.kr. árið á undan.

Rannsóknir og þróun

Engar rannsóknir eða prófanir fóru fram á árinu, en fyrirhuguð er dæluprófun á holu við Eimskip sem til stendur að nýta sem baðvatn fyrir Sjóböð ehf á Húsavíkurhöfða.

Árið áður hafði farið fram dæluprófun á holu HU-1, á Húsavíkurhöfða í samstarfi við ÍSOR. Niðurstaða þeirrar prófunar var að holan gefur



um 8 l/s sem talið var að hún þyrfti að gefa og mögulega væri hægt að taka 10 l/s úr holunni í skamman tíma.

Samtök – dóttur og hlutdeildarfélag

Orkuveita Húsavíkur ohf. er aðili að félagasamtökum og á hlutdeild í nokkrum félögum sem hér segir:

- Aðild að **Samorku** - samtökum orku- og veitufyrirtækja.
- 50,77% hlutur í **Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf.** sem er dótturfélag OH.
- 48,75% hlutur í **Hrafnabjargavirkjun hf.**
- 30,30% hlutur í **Íslenskri Orku ehf.**
- 13,78% hlutur í **Sjóböðum ehf.**
- 5,00% hlutur í **Mýsköpun ehf.**

Mannauðsmál

Breytingar urðu í starfsmannahaldi Orkuveitu Húsavíkur á árinu.

Gunnar Hrafn Gunnarsson var ráðinn framkvæmda- og veitustjóri í stað Gunnlaugs Aðalbjarnasonar og Péturs Vopna Sigurðssonar sem hurfu til annara starfa.

Orkuveita Húsavíkur er því skipuð tveimur starfsmönnum sem sinna viðhaldi og framkvæmdum ásamt tveimur starfsmönnum á skrifstofu félagsins.

Enn er verið að vinna skv. rammisamkomulagi sem fól í sér að veitustjóri er framkvæmdafulltrúi sveitarfélagsins og sér um daglegan rekstur veitna. Þeir stármenn Orkuveitunnar sem sjá um viðhald og framkvæmdir eru nú starfsmenn þjónustumiðstöðvar Norðurþings. Bókhald, innheimta og uppgjör er nú í hendi fjármálasviðs Norðurþings..

Styrkveitingar



Á árinu 2014 skrifuðu Orkuveita Húsavíkur ohf. og íþróttafélagið Völsungur undir samstarfs- og styrktarsamning til þriggja ára. Markmið Orkuveitunnar er að styðja Völsung í íþrótt- og uppeldishlutverki sínu auk þess að skapa jákvætt viðhorf til fyrirtækisins á starfssvæði félagsins.



OH styrkti einnig Golfklúbb Húsavíkur sem vinnur að því að byggja upp vökvunarkerfi á Katlavelli. Katlavöllur á Húsavík er með glæsilegustu 9 holu golfvöllum landsins og það kostar mikla vinnu og fjármagn að viðhalda honum. Uppbygging vökvunarkerfisins er nokkurra ára verkefni og er það Orkuveitunni ánægja að hafa lagt klúbbnum lið.



OH styrkti Björgunarsveitina Garðar á Húsavík um eina milljón króna til fatakaupa fyrir meðlimi sveitarinnar. Með því vill OH styðja við það öflugna og góða starf sem björgunarsveitin vinnur.



OH gerði einnig styrktarsamning við Lista- og menningarsjóð Norðurþings. Með því mun Orkuveitan vísa umsóknum um lista- og menningarmál til sjóðsins.



Orkuveitan veitti einnig minni styrki á árinu til ýmissa verkefna í samfélaginu.

